



MANNVIT

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

24.04.2023

Efni: Matsáætlun - Gandheimar - Svarbréf til Skipulagsstofnunar

Námufjélagið ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats um efnistöku í Gandheimum í Hvalfjarðarsveit. Auglýstur umsagnarfrestur var til 24. mars 2023 og var matsáætlun aðgengileg á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, Hagamel, Hvalfjarðarsveit og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, frá 23. febrúar til 24. mars 2023.

Skriflegar umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, dags. 23. mars 2023, Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 24. mars 2023 og Umhverfisstofnun, dags. 28. mars 2023, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 11. apríl 2023 og Hvalfjarðarsveit dags. 14. apríl 2023.

Eftirfarandi eru viðbrögð Námufjélagsins ehf. við innsendum ábendingum og athugasemdum umsagnaraðila og yfirferð yfir hvernig tekið verður tilliti til þeirra á næstu stigum.

Umsögn Minjastofnunar Íslands 23. mars 2023

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.2.6 í matsáætlun. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar á svæðinu árið 2003. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, Fornleifaskráning í Leirár- og melasveit. Fornleifaskráningin er barn síns tíma og uppfyllir ekki staðla sem í gildi eru í dag um skráningu fornleifa. Í matsáætlun segir að í umhverfismatskýrslu verði afstaða skráðra fornleifa til fyrirhugaðrar efnistöku og aðkomuvegar sýnd. Þá eru taldar upp fornleifar sem sagðar eru næstar fyrirhuguðu efnistökusvæði skv. skráningu Fornleifastofnunar frá 2003. Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

- a) Minjavörður vill hins vegar vekja athygli á að upptalning í matsáætlun á fornleifum sem sagðar eru næstar fyrirhuguðu efnistökusvæði er misvísandi. Fornleifar sem taldar eru upp og eru í landi Fiskilækjar (BO-105-009, 019, 020 og 023) eru allar mjög langt frá efnistökusvæðinu. Í landi Fiskilækjar er hins vegar gömul gata Hallandigata (BO-105:006) sem er mun nær efnistökusvæðinu. Gatan er ekki í upptalningu í matsáætlun. Töftir sels (BO-120:005) og Kálfhóll (BO-120:006) í landi Eystra-Skorholts eru suðvestan við efnistökusvæðið. Þessar fornleifar eru í upptalningunni í matsáætlun. Þar er hins vegar ekki minnst á stekkjartóft (BO-106:011) í Stekkjardal í landi Geldingarár. Tóftin er austan við fyrirhugað efnistökusvæði. Engin þeirra fornleifa sem næstar eru framkvæmdarsvæðinu eru í minna en 100 m fjarlægð frá efnistökusvæðinu og athafnarsvæðinu. Fornleifum stafar því ekki hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Í matsáætlun segar að ekki sé talin þörf á að fornleifar verði kannaðar á svæðinu nema að Minjastofnun telji þess þurfa. Minjavörður Vesturlands fór og skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust á fyrirhuguðu

framkvæmdarsvæði. Minjastofnun telur að ekki sé þörf á að fá fornleifafræðing til að skoða svæðið nánar.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingarnar um Stekkjartóft (BO-106:011) og Hallandigötu (BO-105:006) sem verður bætt við upptalningu og kortlagningu í umfjöllun um fornleifar í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili tekur það fram að hann er meðvitaður um að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks, verði allar framkvæmdir stöðvaðar um leið og haft samband við Minjastofnun til að framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 24. mars 2023

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega verði könnuð áhrif námuvinnslu á jarðfræði og ásýnd og tekur undir að ekki sé þörf á ítarlegri gróðurúttekt þar sem svæðið var gróðurlaus melur sem nýlega hefur verið græddur upp.

- a) Hins vegur er ekki tekið undir þá skoðun að umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu svæði og aðliggjandi svæðum sé óþörf. Val á mikilvægum fuglasvæðum byggði á ákveðnum viðmiðum en þar með er ekki sagt að fuglalíf utan slíkra svæða sé á einhvern hátt ómerkilegt/fábreytt líkt og gefið er skyn í matskýrslunni;

„Samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi er fyrirhugað efnistökusvæði ekki tilgreint sem slíkt svæði. Í því ljósi er ekki talin þörf á umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu efnistökusvæði eða aðliggjandi svæði í matskýrslu“.

Þvert á móti gæti verið töluvert um vaðfugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þeir heyra flestir undir svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands en þar er miðað við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum, Mikið er gengið á búsvæði þessara tegunda víða og ættu sveitarfélög að leitast til að taka tillit til þeirra við hvers kyns skipulag og er vísað til greinar Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020) í því sambandi.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Eins og fram hefur komið liggur endanlega afmörkun efnistöku- og athafnasvæðis ekki fyrir. Núverandi afmörkun er skematísk og fyrirhuguð er jarðfræðirannsókn þar sem gerðar verða 36 gryfjur og boraðar 8 holur til að meta jarðfræði og efnissamsetningu á svæðinu. Þegar upplýsingar jarðfræðirannsókna liggja fyrir verður efnistökusvæðið afmarkað með nákvæmari hætti. Við afmörkun á efnistöku- og athafnasvæðinu verður þess gætt að það nái hvorki inn á vatnsverndarsvæði né votlendissvæði samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Að öllum líkendum verður athafnasvæði námuvinnslnnar skilgreint austan við votlendissvæðið og því mun námuvegur frá svæðinu að núverandi vegtengingu að Geldingará að öllum líkindum þvera votlendissvæðið á 30 metra kafla. Ætla má að námuvegur þveri votlendissvæðið þar sem það er grynnt til að takmarka áhrif og að sett verði ræsi undir veginn til að draga úr áhrifum veggerðarinnar. Að öðru leyti verður ekki farið inn á skilgreint votlendi og ætti mögulegt fuglasvæði vaðfugla innan votlendissvæðis því ekki að verða fyrir áhrifum.

- b) Ekki er heldur tekið undir það að ekki sé þörf á að meta frekar áhrif vegna foks. Í matskýrslunni segir: „Samkvæmt vindatlas Veðurstofnu Íslands, sjá mynd 5, eru austan- og suðaustanáttir ríkjandi á svæðinu. Ríkjandi vindátt er í átt að Skorholtsmelum, en vestan við fyrirhugað námusvæði er landsvæði sem liggur hærra í landi og ætla má að sú hækkun í landi myndi takmarka fok frá svæðinu að miklu leyti. Jafnframt er námusvæðið niðurgrafið og þaðar svæðisins uppbyggður sem myndar því skjól og dregur úr líkum á foki.“ Fyrirhuguð náma er

Það umfangsmikil að full ástæða er að kanna hættu á foki og hver áhrif þess kynnu að verða á nánasta umhverfi.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Ráðgert er að frá upphafi námuvinnslu verði ofanafýting og frákast notuð til að búa til manir kringum svæðið, bæði til að lágmarka áskýndaráhrif og til að vinna gegn mögulegum áhrifum af foki. Eftir að jarðfræðirannsóknnum á svæðinu er lokið, liggur endanleg afmörkun svæðisins fyrir. Þá verður farið í að móta og skipuleggja aðlögun efnistökusvæðisins að landi og að útfæra manir og aðra mótun á landi eða gróðursetningu í framangreindum tilgangi.

Umsögn Umhverfistofnunar 28.mars 2023

- a) Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem náman verður unnin nokkuð djúpt ætti að huga strax að aðlögun námunnar að landi sem getur reynst örðugt ef náman er unnin djúpt alveg að jöðrum. Sjá má dæmi um slíkt í námum við Akrafjall þar sem gæti orðið snúið að fella námurnar að landi. Einnig ætti að kanna hvort betra sé að vinna námuna í átt að Hringvegnum og reyna að nýta ofanafýtingu og frákast til frágangs samhliða efnistökkunni.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að huga þarf að aðlögun námunnar að landi frá upphafi. Í því sambandi er ráðgert að útbúa stigskipta áætlun um aðlögun að landi eftir því sem efnistökkunni vindur fram. Ráðgert er að nýta ofanafýtingu og frákast til að búa til manir kringum svæðið, bæði sökum áskýndaráhrifa og vinna gegn mögulegum áhrifum af foki. Til skoðunar eru aðkomuleiðir og flutningsleiðir ofan og neðan við fyrirhugað efnistökusvæði. Eftir að jarðfræðirannsóknnum á svæðinu er lokið liggur nánari afmörkun svæðisins fyrir og þá verður farið í að móta og skipuleggja aðlögun efnistökusvæðis að landi og hvernig ráðstöfun mana og annarrar mótunar á landi eða gróðursetningar, sem vinnur gegn foki, verður útfærð.

- b) Umhverfisstofnun vill benda á að ósamræmi er á milli myndar 1 og 6. Á mynd 6 er efnistökusvæðið afmarkað fyrir ofan votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr.náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og nær afmörkunin inn á grannsvæði vatnsverndar. Hins vegar á mynd 1 liggur fyrirhugað efnistökusvæði og athafnasvæðið í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar. Ef fyrirhugað efnistökusvæði nær til votlendisins þarf málsmeðferð framkvæmdarinnar að vera í samræmi við ákvæði 61. gr.náttúruverndarlaga.

Viðbrögð framkvæmdaraðila:

Afmörkun efnistöku- og athafnasvæðis á þessu stigi er mjög skematísk og sýnir það svæði sem er til skoðunar og þar sem fyrirhugað er að jarðfræðirannsóknir verði framkvæmdar. Jarðfræðirannsóknir gera ráð fyrir efnistöku í 36 gryfjum og borun á 8 holum til að meta jarðfræði og efnissamsetningu á svæðinu. Þegar upplýsingar jarðfræðirannsókna liggja fyrir verður efnistökusvæðið afmarkað með nákvæmari hætti. Við endanlega afmörkun á efnistökusvæðinu verður þess gætt að það nái hvorki inn á vatnsverndarsvæði né votlendissvæði samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Athafnasvæði fyrir efnistöku verður þá skilgreint nánari í samræmi við afmörkun efnistökusvæðisins og verður það svæði einnig skilgreint utan vatnsverndar og votlendissvæðis. Að öllum líkindum verður athafnasvæði námuvinnslunnar skilgreint austan við votlendissvæðið.

Námuvegur frá athafnasvæði að núverandi vegtengingu að Geldingará mun að öllum líkindum þvera votlendissvæðið á 30 metra kafla. Ætla má að námuvegur þveri votlendissvæðið þar sem það er grynnt til að takmarka áhrif. Fyrirhugað er að sett verði ræsi undir veginn til að viðhalda vatnsflæði á svæðinu og takmarka rask á votlendum. Mögulega eru ekki aðrir valkostir í stöðunni en að þvera námuveg yfir skilgreint votlendi sökum aðstæðna á svæðinu og þau sjónarmið að takmarka rask.

Í umhverfismatsskýrslu verður í samræmi við framangreint, sett fram nákvæmari afmörkun efnistöku- og athafnasvæðis og aðkomuvegar.

- c) Í votlendinu geta verið vistgerðir sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningnum og þar geta verið ábyrgðartegundir fugla sem nýta svæðið til varps. Ef framkvæmdin hefur áhrif á votlendið og fuglalífið þarf að mati Umhverfisstofnunar að meta þessa þætti.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Endanlega afmörkun efnistöku- og athafnasvæðis mun taka mið af fyrirhuguðum jarðfræðirannsóknnum á svæðinu eins og fram kemur hér að framan. Við endanlega afmörkun efnistöku- og athafnasvæðis, verður þess gætt að þau verði hvorki innan vatnsverndar né votlendissvæðis samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Líklega verður ekki komist hjá því að námuvegur muni liggja um votlendið á 30 metra kafla til að tengjast síðan inn á vegtengingu inn að Geldingará. Ætla má að námuvegur þverir votlendissvæðið þar sem það er grynnt til að takmarka áhrif og að sett verði ræsi undir veginntil að draga úr áhrifum vegarins. Að öðru leyti verður ekki farið inn á skilgreint votlendi og ætti mögulegt fuglasvæði vaðfugla innan votlendissvæðis því ekki að verða fyrir áhrifum.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 11. apríl 2023

- a) Framkvæmdin er ekki á aðalskipulagi sveitarfélagsins en mun hafa í för með sér óafturkræfar breytingar á landslagi, Starfsleyfi er háð staðfestu skipulagi. Æskilegt er að gerð sé grein fyrir líftíma námu og að henni sé lokað í áföngum eftir því sem hún vinnst. Þannig liggja fyrir í upphafi áætlun um nýtingu og frágang námu í samræmi við leiðbeiningar þar um.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Í samræmi við kafla 6.3. í matsáætlun er þörf á að gera breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og skilgreina svæðið sem námusvæði. Svæðið verður byggt upp sem námusvæði ásamt athafnasvæði námunnar þar sem gera má ráð fyrir að verði hólur og mannvirki fyrir starfseminu auk námuvegur, sem tengist inn á núverandi samgöngukerfi svæðisins. Gera má ráð fyrir að öll mannvirki og innviðir séu tímabundin. Gerð verður áætlun um líftíma námunnar sem inniheldur áætlanir um stigskipta efnistöku og frágangsráætlun námunnar að námuvinnslu lokinni.

- b) Framkvæmdin mun hafa í för með sér auka umferð þungaflutninga og búast má við aukinni rykmengun vegna flutninga á malarvegum, umsjón með vegum falla ekki endilega á rekstraraðila námu og því getur verið erfitt að fá rykbindingu þegar á þarf að halda sem gæti kannað á hagsmunaárekstra. Fjalla þarf um umferðaröryggi og mögulegar breytingar á vegakerfi þar sem ekið er inn á Vesturlandsveg. Heilbrigðiseftirlitið horfir á umferðaröryggi út frá mögulegri mengun s.s. vegna olíuflutninga og vill lágmarka slyshættu á öllum stigum.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Gert er ráð fyrir að núverandi vegtenging inn að bænum Geldingaá verði styrkt í samræmi við fyrirhugaða umferð frá námusvæðinu og að bundið slitlag verði á þeirri vegtengingu. Gert er ráð fyrir að námuvegur sem liggur inn að námusvæðinu verði malarvegur þar sem það minnkar rask og auðveldar endurheimt svæðisins að námuvinnslu lokinni og hugað að notkun rykbindiefnis þegar þörf þykir. Fyrirhugað er að meta umferðaröryggi sérstaklega við Vesturlandsveg í samráði við Vegagerðina. Framkvæmdaraðili stefnir á að tækjabúnaður námuvinnslunnar nýti endurnýjanlega orku líkt og rafmagn eða vetni. Ekki er fyrirhugað að vera með olíutanka eða mikla olíuflutninga um svæðið.

- c) Skoða þarf reksturinn út frá mögulegum áhrifum á vatnsból og verndarsvæði þeirra.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði eru vatnsból 30 og 34 sem gerð er grein fyrir í matsáætlun. Í umhverfismatsskýrslu er ráðgert er að svara því hvort fyrirhuguð efnistaka og rekstur námunnar hafi áhrif á vatnsból 30 og ef svo er hvort og hvernig væri þörf á aðlögun eða mögulegum mótvægisáðgerðum. Framkvæmdaraðili telur að sökum fjarlægðar frá efnistökusvæði verði Vatnsból 34 ekki fyrir áhrifum sökum fyrirhugaðrar efnisvinnslu.

- d) Náman sem slík er starfsleyfisskyldur rekstur hjá heilbrigðiseftirliti í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef mótuneyti er fyrir starfsfólk er það starfsleyfsskyld starfsemi í samræmi við lög um matvæli. Ef notaðir eru stórir olíutankar eru þeir eftirlits- og mögulega starfsleyfisskyldir og sömuleiðis starfsmannabúðir eða starfsmannabústaðir ef við á.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili miðar við að tækjabúnaður verði að mestu leyti knúinn áfram af rafmagni eða vetni til að draga úr hættu á mengun sem og losun gróðurhúsalofttegunda og hefur hug á vistvænum lausnum og útfærslum við uppbyggingu og rekstur námunnar. Ekki er fyrirhugað að vera með olíutanka eða mikla olíuflutninga um svæðið. Innan skilgreinds athafnasvæðis námunnar má gera ráð fyrir að þörf verði á að vera með mannvirki og aðstöðusköpun fyrir námuvinnsluna. Farið verður eftir því sem fram kemur í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir varðandi innviði og aðstöðusköpun á svæðinu.

Umsögn Hvalfjarðarsveitar dags. 14. apríl 2023.

- a) Ekki er gert ráð fyrir fyrirhuguðu efnistökusvæði í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, hvorki því sem er í gildi, né nýju (óstaðfestu) aðalskipulagi 2022-2032. Þar kemur fram varðandi stefnu sveitarfélagsins um efnistöku- og efnislosunarsvæði að, "efnistaka verður takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu".

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Eftirspurn eftir jarðefnum til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi hefur verið töluverð undanfarin ár og ætla má að sú þörf aukist með auknum framkvæmdum og uppbyggingu. Fyrirhuguð efnisvinnsla í Gandheimum er ætluð til að mæta núverandi eftirspurn eftir jarðefnum til steypugerðar og annarrar framleiðslu og þróast til lengri tíma litið til að mæta sveiflum um væntingar til framkvæmda, sérstaklega þegar horft er til stærri framkvæmda. Fyrirsjáanlegt er vöntun á aðgengi að jarðefnum til að mæta aukinni eftirspurn.

Framkvæmdaraðili er að leggja inn fyrirspurn til sveitarfélagsins um að Gandheimar verði skráð sem efnistökusvæði í aðalskipulagi ásamt því að samhliða verði gerða skipulagsáætlanir fyrir svæðið í heild sinni. Þær áætlanir verði skipulag námusvæðis, deiliskipulag athafnasvæðisins og efnistöku- og frágangsáætlun fyrir svæðið. Búast má við að efnis- og frágangsáætlanir verði áfangaskiptar og verði í samræmi við áætlaðar aðgerðir út frá umhverfisþáttum ásýndar og foks frá námusvæðinu.

- b) Samkvæmt 5. kafla matsáætlunar, er gert ráð fyrir að taka jarðfræði, ásýnd og vatnafar til umfjöllunar. Hvalfjarðarsveit gerir ekki athugasemdir við það og telur afar brýnt og mikilvægt að í ásýndarkafanum sé einnig tekið tillit til áhrifa á landslag og sjónræn áhrif fyrirhugaðrar

framkvæmdar metin, enda mun áhrifa svæðisins gæta umfram hið eiginlega framkvæmda-svæði. Meta þarf hvar áhrifanna gætir helst og einnig gera grein fyrir því hvernig svæðið mun líta út að lokinni efnistöku og að loknum frágangi. Hvalfjarðarsveit bendir á gerð líkanmynda í því sambandi, ásamt ljósmyndum og kortagögnum.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili hefur áform um gerð myndlíkana og myndræna framsetningu ljósmynda og kortagagna um skipulag námusvæðisins. Þessi vinna mun nýtast í umhverfismatsskýrslu sem og við skipulag á stigskiptri efnistöku- og frágangsáætlun fyrir námusvæðið.

- c) Í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru friðlýstir jökulgarðar. Þetta eru umfangsmiklir jökulgarðar og bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins. Því tekur Hvalfjarðarsveit undir það að jarðfræðingur skoði svæðið m.a. í þeim tilgangi að greina áhrif efnistökkunnar á jarðfræði og jarðmyndanir svæðisins (bls. 8).

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili áformar að afmarka athafnasvæði fyrir námuvinnslu í samræmi við niðurstöður jarðfræðirannsókna þar sem þess verður gætt að svæðið verði utan brunnsvæða, fjarsvæðis vatnsverndar, skilgreindu votlendi og friðlýstra svæða.

- d) Þá eru vatnsból í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði og samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar verða engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað geta brunnsvæðum leyfðar í nágrenni þeirra.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili áformar að meta áhrif á vatnsból og greina hvort fyrirhugað efnistaka hafi áhrif á fyrirkomulag vatnsbóls 30, Geldingaá I, og þá hvort sé þörf á aðlögun eða mögulegum aðgerðum, s.s. mótvægisáðgerðum vegna nálægðar vatnsbólsins við fyrirhugað efnistökusvæði.

- e) Hvalfjarðarsveit óskar eftir nánari rökstuðningi við hvers vegna fuglalíf er ekki hluti af fyrirhuguðu umhverfismati, þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er í nágrenni við svæði þar sem er mjög auðugt fuglalíf.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Svæðið þar sem efnistaka er fyrirhuguð, hefur landeigandi verið að rækta upp síðustu ár með því að aka áburð á það. Svæðið telst því raskað þar sem umferð vinnuvéla hefur verið á því mest öllu svæðinu um nokkurt skeið og er fuglalíf ekki talið vera á því svæði. Það svæði sem skilgreint er sem votlendi, er samkvæmt grein Tómasar Grétars Gunnarssonar í 90. árgangi Náttúrufræðingsins (Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla), líklega búsvæði vaðfugla en það svæði er utan námusvæðisins. Landeigandi telur að ekki séu um fuglalíf að ræða á því svæði frekar en fyrirhuguðu námusvæði og að fuglalífi á fyrirhuguðu námusvæði og aðliggjandi svæði stafi ekki hættu af starfsemi efnistöku.

- f) Í matsáætluninni er ekki fjallað um útivist og ferðamennsku og óskar Hvalfjarðarsveit eftir umfjöllun um þann þátt, þar sem svæðið mun sjást víða að, m.a. frá vinsælum göngu- og útivistarleiðum í Skarðsheiði.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Í umhverfismatsskýrslu mun framkvæmdaraðili skoða frá hvaða göngu- og útivistarleiðum fyrirhugað efnistökusvæði kemur til með að sjást og meta þörfina á ásýndarmyndum frá þessum leiðum.

- g) Þá liggur reiðleið og/eða göngustígur um svæðið skv. gildandi aðalskipulagi, sem þverar fyrirhugað efnistökusvæði.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Sú göngu- og/eða reiðleið sem sýnd er á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 og liggur um fyrirhugað námusvæði er í áætlunum aðalskipulags en hefur ekki raungerst í umhverfinu. Framkvæmdaraðili mun óskar eftir því að leiðin verði felld út úr aðalskipulagi eða legu breytt á þann veg að hún sé utan við fyrirhugað námusvæði.

- h) Að lokum vill Hvalfjarðarsveit benda á að í Hvalfjarðarsveit eru mörg stór efnistökusvæði. Reynslan hefur sýnt að ónæði getur myndast og kvartanir hafa borist vegna þátta eins og umferðar, foks og hávaða í grennd við slík svæði. Því leggur Hvalfjarðarsveit til að slíkir samfélagslegir þættir séu hluti af matsferlinu.

Viðbragð framkvæmdaraðila:

Framkvæmdaraðili hefur hug á að skipuleggja efnistöku og fyrirkomulag athafnasvæðis, mótun landslags, gerð mana og frágang á öllu svæðinu á þann veg að vinna gegn því að fok sé frá svæðinu. Þá verði hávaði verði takmarkaður með rafvæðingu tækja- og vélbúnaðar eftir bestu getu og framboði á markaði. Framkvæmdaraðili mun vera í samráði við Vegagerðina um fyrirhugaða umferð um svæðið og inn á þjóðveg með umferðaröryggi að leiðarljósi. Framkvæmdaraðila er umhugað um samráð og samstarf við hagaðila á svæðinu og leggur áherslu á að huga að samfélagslegum þáttum framkvæmdarinnar og hlúa að þeim sem best verður gegnum samráð og aðgerðir sem stuðla að því að því að framkvæmdin verði álitin samfélagslegur ávinningur fyrir sveitarfélagið í heild sinni.